

KIRKJUGARÐARÁÐ

97. fundur haldinn 11. júní 2012 í fundarsal Biskupsstofu.

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir formaður, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri, Smári Sigurðsson, Sigurgeir Skúlason, Valtýr Valtýsson, Þorsteinn Ragnarsson og Kristín Huld Sigurðardóttir sem skrifaði fundargerð.

1. Setning fundar

Fundur settur kl. 13:00. Fundargerð síðasta fundar samþykkt með smábreytingu í 4. lið.

2. Fundur fulltrúa Kirkjugarðaráðs með Ríkisendurskoðun

Þorsteinn Ragnarsson kynnti. Fulltrúum Kirkjugarðaráðs var mjög vel tekið.

3. Bréf frá Félagi íslenskra útfararstjóra

Bréf frá Félagi íslenskra útfararstjóra var kynnt. Niðurstaða ráðsins var að þar sem málið liggur fyrir umboðsmanni Alþingis mun Kirkjugarðaráð fjalla um það eftir að niðurstaða umboðsmanns liggur fyrir. Formanni og framkvæmdastjóra falið að svara lögmannsþjónustunni.

4. Fundur með prófasti og kirkjugarðastjórn Reyðarfjarðar

Guðmundur Rafn gerði grein fyrir erindi til Kirkjugarðasambandsins þar sem kirkjugarðastjórn Reyðarfjarðarkirkju óskaði eftir því að endurskoðuð yrði flokkaröðun kirkjugarða Reyðarfjarðarsóknar. Framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs hélt fund með prófasti Austurlandsprófastsdæmis og kirkjugarðastjórn Reyðarfjarðarkirkju þar sem farið var yfir málin og þeim gerð grein fyrir uppbyggingu gjaldalíkansins og fyrirhugaðri endurskoðun á því.

5. Fundur með kirkjugarðastjórn Laugalandsprestakalls

Guðmundur Rafn gerði grein fyrir fundinum. Lagt var fram svarbréf Kirkjugarðaráðs til stjórnar Kirkjugarða Laugalandsprestakalls.

6. Næsti fundur og ferð Kirkjugarðaráðs (3. september)

Ferðin verður á Þingvöll og í Borgarfjörð.

7. Önnur mál

Myndasýning og biskup sr. Karl Sigurbjörnsson kvaddur.

Fundi slitið kl. 16:05.

Ragnhildur Benediktsdóttir,
formaður

Kristín Huld Sigurðardóttir,
ritari